
Jarðböðin í Mývatnssveit, Skútustaðahreppi Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 29. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Jarðböðunum ehf. um fyrirhugaða stækkun jarðbaðanna í Mývatnssveit, Skútustaðahreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 12.05 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skútustaðahrepps, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jarðböðin við Mývatn. Fyrirspurn um matsskyldu. Efla hf., júlí 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skútustaðahreppi með bréfi dags. 3. september 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti dags. 20. ágúst 2019.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 23. ágúst 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 29. ágúst 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 21. ágúst 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 20. ágúst 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. september 2019.

Ekki bárust umsagnir frá Ferðamálastofu eða Náttúruvannsóknastöðinni við Mývatn.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga

Jarðböðin hf. áforma að byggja nýtt þjónustu- og baðhús, ásamt því að stækka baðlón að Jarðbaðshólum í Skútustaðahreppi. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta aðstöðu og þjónustu við gesti. Núverandi aðstaða annar ekki þeim gestafjölda sem sækir staðinn. Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felst í að byggja allt að 2.500 m² þjónustu- og baðhús og að stækka baðlón um allt að 1.500 m² þannig að heildarstærð þess verður um 5.000 m², nánari útfærsla og formlögun nýs lóns verður ákveðin síðar í hönnunarferlinu. Núverandi byggingar verða fjarlægðar og gengið frá reitum þeirra þannig að þeir falli sem best að nálægu umhverfi. Stefnt er að því að gera úrbætur á fráveitu svæðisins og nánasta umhverfi verður lagfært með stígum, merkingum og fræðsluskiltum svo hægt sé að draga úr ágangi gesta á viðkvæm svæði. Bílastæðum verður fjölgað í allt að 210 ásamt því að rústæðum verður fjölgað í 10.



Fram kemur, varðandi framtíðaruppbyggingu, að heimild sé í deiliskipulagi fyrir byggingu gistirýmis og veitingasölu en að óvíst sé hvort að farið verði í frekari uppbyggingu á svæðinu. Fari svo að ákveðið verði að fara í frekari uppbyggingu verði gerð ný greinargerð um matskyldu þeirrar framkvæmdar ásamt því að litið verði til samlegðaráhrifa með framkvæmd sem fjallað er um í þessari ákvörðun.

Fram kemur að núverandi fráveita stenst ekki kröfur í reglugerð um verndun Mývatns og Laxár þar sem krafist er ítarlegri hreinsunar en tveggja þrepa. Í stað rotþróa og siturbeða verður skólp aðskilið frá grávatni og því safnað saman í lokaðan tank og það flutt upp á Hólasand til landgræðslu. Ofanvatn af bílplönnum og öðrum svæðum verður leitt í gegnum blágrænar ofanvatnslausnir og grávatn frá sturtum, eldhúsi og sambærilegum stöðum verður hreinsað með fitu- og fastefnaskiljum og síðan veitt ásamt affallsvatni lónsins í nýja borholu á svæðinu sem verður allt að 250 m djúp í stað 84 m djúprar holu sem notast er við í dag.

4 UMHVERFISÁHRIF

Vatnsgæði

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á vatnasviði Mývatns og víða á svæðinu sé innstreymi grunnvatns frá framkvæmdasvæði í Mývatn. Því er talið að ef mengunar yrði vart á svæðinu þá myndi hún berast í Mývatn með grunnvatni. Til að koma í veg fyrir innstreymi næringarefna til Mývatns frá áætluðu baðlóni verður fyrirkomulagi fráveitu breytt eins og fram kemur hér að framan. Með því sé komið í veg fyrir losun næringarefna frá fráveitu sem gætu haft áhrif á Mývatn.

Umhverfisstofnun telur að mikilvægt sé að fyrirkomulag hreinsunar grávatns sé sannreynt með vöktun í gegnum starfsleyfi og tryggt verði að ekki verði vart við mengun af völdum frárennslis.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að ef Umhverfisstofnun fer fram á vöktun á grávatni í starfsleyfinu þá muni Jarðböðin verða við þeirri kröfu.

Jarðmyndanir

Fram kemur að jarðhiti sé á framkvæmdasvæðinu sem tengist háhitasvæðinu við Bjarnarflag. Áhugaverðar jarðmyndanir á svæðinu eru sprungur, gufuaugu og túffstabbar. Gufuaugu eru litlar sprungur með gufuuppstreymi og túffstabbar eru sérstæð gjóskulög. Á deiliskipulagsupprætti eru túffstabbar merktir sérstaklega og tryggja skal að þeim verði ekki raskað á framkvæmda- eða rekstrartíma. Gufuaugu eru í mestri hættu vegna rasks á framkvæmdatíma. Áhersla verður lögð á að stærstu gufuaugun og stærsta sprungan við suðaustur horn deiliskipulagssvæðisins raskist ekki á framkvæmdatíma og fyrirhugað er að ganga og stika lónið niður eftir legu sprungna, gróðurs og landslags svæðisins til að lágmarka áhrif á sérstæðar jarðmyndanir. Einnig verða lagðir göngustígar og sett upp fræðsluskilti til að stýra umferð um svæðið og vernda þar með þær jarðmyndanir sem eru innan deiliskipulagssvæðis.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur mikla áherslu á að ýtrustu varkárni verði gætt svo viðkvæmum jarðmyndunum verði ekki raskað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að horft verði til þeirra athugasemda sem fram hafi komið í lokahönnun svæðisins og að áhersla verði lögð á að varðveita sérstöðu jarðmyndana.

Gróður

Fram kemur að á svæðinu hafi fundist tvær sjaldgæfar plöntur, naðurtunga og dvergtungljurt. Dvergtungljurt er að finna á einum stað, suðaustur af jarðböðunum og verður staðsetning hennar merkt sérstaklega áður en framkvæmdir hefjast til að komast hjá raski á henni. Naðurtunga er nokkuð dreifð og óhjákvæmilegt að raska henni á byggingareit. Sem mótvægisáðgerð við því raski



sem verður á naðurtungu verður leitast við að vernda annan jarðhitagróður utan byggingareits. Verður það gert með lagningu göngustíga til að stýra umferð um svæðið og þar með vernda viðkvæman gróður.

Náttúrufræðistofnun telur að það þurfi að taka sérstakt tillit til plantna og að hönnun baðanna verði með þeim hætti að fágætum plöntum sé hlíft og tryggja að viðkvæm svæði gróðursins verði vernduð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að horft verði til þeirra athugasemda sem fram hafi komið í lokahönnun svæðisins og að áhersla verði lögð á að varðveita sérstöðu háhitasvæðisins.

Menningarminjar

Fram kemur að engar fornleifar hafi fundist innan deiliskipulagssvæðis en að tvær minjar, hola sem nýt var til brauðbaksturs og steinadreif, hafi fundist sunnan við svæðið. Með því að leggja göngustíga um svæðið og setja upp fræðsluskilti skal umferð um svæðið stýrt þannig að fornleifarnar verði ekki fyrir frekari raski en nú þegar hefur orðið.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að Minjavörður Norðurlands hafi vakið athygli á að tryggja þurfi að fornleifarnar verði ekki fyrir raski vegna framkvæmda eða umferðar á skipulagssvæðinu.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps og gildandi deiliskipulag.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Skútustaðahrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna reksturs baðstaða, gisti- og veitingaþjónustu og fráveitu.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða byggingu nýs þjónustuhúss og baðaðstöðu við jarðböðin á Mývatni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og mengunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdinni er nýju þjónustu- og baðhúsi komið fyrir á að mestu óröskuðu landi og ljóst að baðlónið mun stækka talsvert með tilheyrandi raski, samanlagt um 4.000 m². Markmiðið er að anna þeim aukna fjölda gesta sem heimsækir lónið ásamt því að bæta fráveitukerfi lónsins. Stærra lón og fleiri gestir hafa í för með sér meira af svart- og grávatni. Fráveitukerfið verður endurbætt til samræmis við kröfur um verndun Mývatns og Laxár. Að mati Skipulagsstofnunar er ekki um að ræða það umfangsmikla framkvæmd að eðli framkvæmdarinnar kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til sérstæðra jarðmyndana.



Með framkvæmdinni mun nokkuð af óröskuðu landi fara undir nýjar byggingar jarðbaðanna og stækkun lónsins um 1.500 m². Lega baðlónsins hefur ekki verið útfærð endanlega og fyrirhugað er að staðsetja lónið með tilliti til legu sprungna á svæðinu, gróðurs og landslags svæðisins til að lágmarka rask á sjaldgæfum jarðmyndunum og gróðri. Á byggingarreit mun verða rask á Naðurtungu en boðaðar mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila eru að vernda gróður utan byggingarreitsins með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta. Eins og áður sagði er framkvæmdasvæðið innan vatnasviðs Mývatns og því nauðsynlegt að fylgja ákvæðum í lögum um Mývatn og Laxá, þá sér í lagi varðandi fráveitu frá rekstrinum. Skipulagsstofnun telur að staðsetning framkvæmdarinnar kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við byggingu þjónustuhúss og stækkun baðlóns felast fyrst og fremst í áhrifum á jarðmyndanir og gróður. Áhrifin verða staðbundin. Mótvægisáðgerðir eru til þess fallnar að viðkvæmar jarðmyndanir og gróður verður síður fyrir ágangi. Skipulagsstofnun telur að eiginleikar áhrifa framkvæmdarinnar kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. október 2019.

Reykjavík, 20. september 2019

Sigurður Ásbjörnsson

Jón Þórir Þorvaldsson